
SNÆFELLSNES SAMSTARFIÐ

HANDBÓK | 2025 - 2027



Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Markmið og skipulag	2
2.1 Samæfingar.....	2
2.2 Skráning iðkenda.....	3
2.3 Skipurit <i>Samstarfsins</i>	3
2.4 Skipulag stjórnar	4
3. Umgjörð þjálfunar og keppni	4
3.1 Skráning á mót og í keppni	7
3.2 Foreldrastarf	7
4. Fjármálastjórn	8
4.1 Bókhald.....	8
5. Þjálfarar og þjálfaramenntun	8
6. Markmið <i>Samstarfsins</i>	8
7. Almennar upplýsingar um <i>Samstarfið</i>	9
8. Viðaukar	9
Fylgiskjal 1 - Samstarfssamningur aðildarfélaganna Snæfellsnes	10
Fylgiskjal 2 - Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra	11
Fylgiskjal 3 - Stjórn og þjálfarar <i>samstarfsins</i> 2025 – 2026	12
Fylgiskjal 4 - Foreldraráð 2025 – 2026	13
Fylgiskjal 5 - Fjáraflanir 2025 - 2026	14

1. Inngangur

Þessi handbók lýsir stefnu Snæfellsnes-samstarfsins, hér eftir kallað „*Samstarfið*“ í rekstri, þjálfun og stjórnun *Samstarfsins*.

Fjárhagur Barna og unglingaráðs *Samstarfsins* er að fullu aðskilin rekstri meistaraflokks karla og kvenna þeirra félaga sem koma að *Samstarfinu*.

2. Markmið og skipulag

Markmið

Fjárhagsleg:

- Að fjárhagsáætlun verði gerð í upphafi árs.
- Að ekki sé stofnað til útgjalda umfram tekjur.
- Að rekstur knattspyrnudeildar/*Samstarfsins* sé sjálfbær.
- Að rekstur sé ábyrgur og í samræmi við lög og reglur hverju sinni.

Íþróttaleg:

- Að börn og unglingar nái sem bestum tókum á íþróttinni miðað við sínar forsendur.
- Að framkoma okkar verði ávallt til fyrirmyndar.
- Að virðing sé borin fyrir merki og búningi félagsins.

Félagsleg:

- Að iðkendur læri að takast á við mótlæti jafnt sem velgengni.
- Að iðkendur læri að vera hluti af liðsheild og beri virðingu fyrir öllum sem að íþróttinni koma.
- Að auka þátttöku unglunga í félagsstarfinu.

2.1 Samæfingar

Þjálfarar skulu halda samæfingar með öllum iðkendum hvers flokks fyrir sig a.m.k. **þrisvar til fjórum sinnum á hverju ári**. Nota skal samæfingar til nánari undirbúnings fyrir mót eða aðrar keppnir. Þjálfurum ber að skipta æfingunum milli staða þannig að það verði ein æfing á hverjum stað fyrir sig, Grundarfirði, Snæfellsbæ og Stykkishólmi.

Í upphafi hvers árs skal stjórn vera búin að leggja fram dagsetningar samæfinganna þriggja svo foreldrar og forráðamenn geti skipulagt sig með góðum fyrirvara. Með þeim hætti fáum við sem flesta iðkendur til að mæta.

2.2 Skráning iðkenda


Þjálfurum ber að halda nákvæma skráningu yfir mætingu iðkenda. Félögin sem koma að *Samstarfinu* skulu halda utan um iðkendur innan síns félags og skila inn nafnalista með kennitölum við innheimtu æfingagjalda.

Æfingargjöldin skiptast upp í tvö tímabil; 1. september – 31. desember og 1. janúar – 31. ágúst.

Verði fundin sameignleg lausn um rúkkun æfingargjalda í gegnum *Samstarfið* verður þessi liður endurskoðaður og ný samþykkt gerð. Sú bókun er gerð af stjórn *Samstarfsins* og þarf að fá samþykkt á aðalfundi félagana sem koma að *Samstarfinu*. Meirihluti atkvæða gildir og hefur hvert félag gildi eins atkvæðis.

Laun þjálfara og annar kostnaður varðandi *Samstarfið* er greiddur beint af *Samstarfinu*.

2.3 Skipurit *Samstarfsins*



2.4 Skipulag stjórnar

Stjórn *Snæfellsnessamstarfsins í knattspyrnu* er kjörin til eins árs í senn og er skipuð tveimur fulltrúum aðildarfélaganna *Samstarfsins*, alls sex aðilar. Aðildarfélögin eru Ungmennafélag Grundarfjarðar, Ungmennafélög Víkings/Reynis í Snæfellsbæ og Snæfell í Stykkishólmi. Starfsár stjórnar er frá 1.október til 15.september. Ef breytingar verða á stjórn eftir starfsárið hafa aðildarfélög tvær vikur til þess að finna nýja fulltrúa áður en ný stjórn tekur til starfa. Ef fulltrúar ákveða að hætta á miðju starfsári ber aðildarfélagi að finna nýjan fulltrúa eins fljótt og auðið er.

- Formaður
- Varaformaður
- Gjaldkeri
- Ritari
- Meðstjórnendur (fjöldi ákveðinn af félögum í *Samstarfinu*)

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum hvers starfsárs.

Helstu verkefni eru:

- Ráðning þjálfara í samráði við félög sem eru aðilar að *Samstarfinu* og yfirþjálfara
- Stuðningur við þjálfara
- Eftirfylgni með starfi þjálfara
- Eftirlit með skipun foreldraráða
- Stuðningur við foreldaráð
- Fjárhagslegt aðhald
- Áætlanagerð
- Dreifing upplýsinga
- Innheimta æfingagjalda
- Úrlausn vandamála
- Rútupantanir
- Ritun fundargerða
- Umsjón með skipulagningu mótahalds
- Umsjón búninga (samninga við framleiðendur t.d.)

3. Umgjörð þjálfunar og keppni

Stefnuyfirlýsing ÍSÍ og KSÍ er leiðbeinandi við starf samstarfsins

Andi stefnunnar

Samstarfið hefur það að leiðarljósi að íþróttaiðkun skuli vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega. Með því móti má skapa aðstæður fyrir mun fleiri börn og unglinga til að njóta sín innan íþróttahreyfingarinnar. Með skipulegri og markvissri þjálfun eins og hér er lýst má

skapa börnum og unglungum aðstæður til að verða afreksmenn seinna meir á lands- eða alþjóða mælikvarða þegar þeir hafa mesta líkamlega og sálræna hæfileika til þess. Að sama skapi er gert ráð fyrir að þeir sem ekki velja afreksmennsku eða keppnisíþróttir fái tækifæri til að stunda íþróttir við sitt hæfi og á sínum forsendum.

Með neðan greindum aðferðum má tryggja mun meiri fjöldaþátttöku í íþróttum en áður hefur þekkt.

Skilgreiningar

Með barnaíþróttum er átt við íþróttir fyrir börn á aldrinum til og með 12 ára. Með unglingaíþróttum er átt við íþróttir fyrir börn á aldrinum 13 til 18 ára.

Markmið

Íþróttapjálfun barna hefur eftirfarandi markmið og leiðir:

8 ára og yngri

- Að auka hreyfiþroska
- Fyrstu kynni af knattspyrnu verði jákvæð
- Æfingar séu fjölþættar og stuðli að bættum hreyfiþroska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.
- Þjálfun fari fram í leikformi
- Æfingar séu skemmtilegar

9 til 12 ára

- Aðaláhersla lögð á þjálfun tæknilegrar færni
- Kynna einföld leikfræðileg atriði
- Þjálfun feli í sér þol, kraft og teygjuæfingar
- Að vekja knattspyrnuáhuga fyrir lífstíð
- Æfingar séu fjölþættar og skemmtilegar
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd
- Öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu

Íþróttapjálfun unglunga hefur eftirfarandi markmið og leiðir:

13 til 16 ára

- Þjálfun byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaæfingum ásamt liðleikapjálfun.
- Viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni
- Auka skilning á leikfræðilegum atriðum
- Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með knattspyrnustarfinu.
- Sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglungnum félagslega góðar aðstæður innan félagsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hópþátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ítrasta.
- Kynna keppins- og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist

- Kynna þá möguleika sem bjóðast þeim sem vilja iðka knattspyrnu sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins
- Æfingar séu fjölþættar
- Sérhæfing hefjist
- Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl hefjist
- Allir unglingar fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.

Keppni

Keppni barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun: Keppni skal miðast við aldur og þroska og að hún sé hvati til ástundunar og framfara svo auka megi líkur á að ná settum þjálfunarmarkmiðum.

8 ára og yngri: (7. og 8. flokkur)

Keppni í þessum flokki á ekki að vera markmið í sjálfu sér. Sé keppni viðhöfð skal hún fara fram á félagsmótum og mótum þar sem félagar úr nágrannafélögum keppa. Mikil áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með í keppninni og að enginn skuli útilokaður vegna getu. Leikur og leikgleði ráði ríkjum í keppninni. Allir fái að spila með.

9 til 10 ára: (6. flokkur yngri og eldri)

Keppni skal fara fram á félagsmótum sem og á héraðs- og landshlutavísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.

11 til 12 ára: (5. flokkur yngri og eldri)

Keppni skal fara fram á félags-, landshluta-, og landsvísu. Áhersla skal lögð á liðakeppni og að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu, þó er aukin keppni á milli einstaklinga.

13 til 14 ára: (4. flokkur yngri og eldri)

Keppni skal fara fram á félags-, héraðs-, landshluta-, og landsvísu og hugsanlega erlendis. Liðakeppni skal vera í fyrirrúmi en aukin áhersla miðað við fyrra aldursskeið á keppni milli einstaklinga. Árangur í keppni orðinn markmið.

Verðlaun og viðurkenningar

Verðlaunaveitingar barna og unglunga fylgi eftirfarandi áætlun:

8 ára og yngri

- Allir fái jafna viðurkenningu á lokahófi

- Allir fá jafna viðurkenningu í keppni

9 til 10 ára

- Allir fá jafna viðurkenningu á lokahófi
- Allir fá jafna viðurkenningu í keppni

11 til 12 ára

- Lið vinna til verðlauna í keppni
- Einstaklingar geta unnið til verðlauna á lokahófi fyrir framúrskarandi árangur
- Fyrst við 11 ára aldur er leyfilegt að krýna Íslandsmeistara, einstakling eða lið.

13 til 18 ára

- Lið vinna til verðlauna í keppni
- Einstaklingar geta unnið til verðlauna á lokahófi fyrir framúrskarandi árangur

Óæskilegt er að veita börnum og yngri unglingum stórviðurkenningar svo sem Íþróttamanneskja félags eða bæjar.

3.1 Skráning á mót og í keppni

Yfirþjálfari og/eða þjálfarar setja niður mótafyrirkomulag hvers flokks í upphafi tímabils og skal það liggja fyrir eigi síður en 1. október. Þjálfarar boða til foreldrafundar fyrir hvern flokk og kynna starfsemi sína, á hvaða mót verður farið og reglur sem gilda á æfingum og í samskiptum við þjálfara. Engum er heimilt að skrá lið undir merkjum *Samstarfsins* á mót nema í samvinnu við þjálfara.

3.2 Foreldrastarf

Foreldraráð eru stofnuð í hverjum flokki. Stjórn *Samstarfsins* í samvinnu við þjálfara hefur umsjón með að koma foreldrastarfi af stað á hverju ári. Foreldrastarf verður undirbúið af viðkomandi þjálfara í upphafi hvers tímabils. Fyrir keppnisferðalög á gístmót skal boðað til fundar með foreldrum. Verkefni foreldraráðs eru m.a. eftirfarandi:

- Fjáraflanir undirbúnar og skipulagðar (fylgiskjal með handbók um fjáraflanir)
- Keppnisferðir skipulagðar
- Vinna við mótahald skipulögð
- Hafa umsjón með félagsstarfi í samráði við þjálfara
- Standa vörð um hagsmuni iðkenda í flokknum
- Efla tengsl heimilis og íþróttafélags
- Efla samskipti milli iðkenda og foreldra annars vegar og stjórnenda og þjálfara hins vegar
- Stuðla að bættri vellíðan iðkanda í leik og starfi
- Stuðla að betri árangri í starfi samstarfsins.

Foreldrar skulu leitast við það í hvívetna að vera *Samstarfínu* góð fyrirmynd. Samskipti foreldra og þjálfara skulu fara fram á vinnutíma þjálfara og á fyrirfram ákveðnum fundum eftir því sem við á.

4. Fjármálastjórn

- Fjárhagur *Samstarfsins* er að fullu aðskilin rekstri meistaraflokks karla og kvenna hjá þeim félögum sem halda slíku starfi úti.
- Fjárhagsáætlun er gerð í upphafi árs samkvæmt lið 2 um fjárhagsleg markmið.
- Ekki er stofnað til útgjalda umfram tekjur samkvæmt lið 2 um fjárhagsleg markmið.
- Rekstur *Samstarfsins* er sjálfbær samkvæmt lið 2 um fjárhagsleg markmið.
- Reksturinn er ábyrgur og er í samræmi við lög og reglur hverju sinni samkvæmt lið 2 um fjárhagsleg markmið.
- Laun þjálfara taka mið af menntun þeirra, umfangi og iðkendafjölda. Þjálfarar hafa sambærileg laun hvort sem þeir þjálfra drengi eða stúlkur.
- Þjálfarar *Samstarfsins* eru starfsmenn *Samstarfsins* en ekki einstaka félaga þegar æfingar og keppni er undir merkjum *Samstarfsins*.

4.1 Bókhald

Bókhald *Samstarfsins* er fært af hálfu aðalstjórnar *Samstarfsins*. Samstæðureikningur félagsins er birtur á heimsíðu félaganna sem standa að *Samstarfínu*.

5. Þjálfarar og þjálfaramenntun

Stefna allra aðila er að þjálfarar *Samstarfsins* hafi viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir vinna samkvæmt reglugerð KSÍ.

- Farið verður yfir menntunarstöðu þjálfara við ráðningu.
- Við samninga um starfskjör þjálfara skal tekið tillit til menntunar þeirra reynslu og annars sem getur aukið hæfni þeirra sem þjálfara.
- Þjálfarar fá stuðning *Samstarfsins* til að sækja endurmenntun eða til að auka við þekkingu sína .
- Samráðsfundir allra þjálfara yngri flokka skulu haldnir reglulega með stjórn *Samsatarfsins*.

Ef um stóra hópa iðkenda er að ræða, 25 eða fleiri skal þjálfari hafa aðstoðarmann sér við hlið.

6. Markmið *Samstarfsins*

Markmið *Samstarfsins* er:

- að vekja, hlúa að og efla áhuga iðkenda fyrir þroskandi félagsstarfi.
- að starfið miðist við þarfir hópsins og efli þannig samkennd iðkenda.

- að draga fram sterka eiginleika einstaklingsins utan knattspyrnuvallarins.
- að starfið þjálfar nemendur í hópvinnu og tjáningu og gefi þeim tækifæri til að takast á við ný og fjölbreytt viðfangsefni.
- að auka samvinnu.
- að auka virðingu fyrir reglum.
- að fræða.
- að tengja börn og ungmenni á milli svæða á Snæfellsnesi enn betur.

7. Almennar upplýsingar um *Samstarfið*

Snæfellsnessamstarfið í knattspyrnu

Engihlíð 1, 355 Snæfellsbæ

Netfang: snæfellsnes.samstarf@gmail.com

Heimasíða: <http://snæfellsnessamstarf.is/>

Facebook: <https://www.facebook.com/snæfellsnessamstarf>

Framkvæmdastjóri/Yfirþjálfari:

MERKI / LOGO



8. Viðaukar

Á næstu síðum er að finna gagnlega viðauka sem stjórnarmenn, þjálfarar, iðkendur og foreldrar geta haft gagn af.

Fylgiskjal 1 - Samstarfssamningur aðildarfélaga Snæfellsnes

SAMSTARFSSAMNINGUR AÐILDARFÉLAGA SNÆFELLSNESSAMSTARFSINS

Ungmennafélagið Víkingur Ólafsvík kt. 470579-0139 ásamt UMF Reyni Hellissandi, UMF Snæfell kt.600269-6079, og UMF Grundarfjarðar kt. 630189-2689 gera með sér samstarfssamning um að senda sameiginleg lið í eftir farandi flokkum:

- 7. Flokk (karla & kvenna)
- 6. flokk (karla & kvenna)
- 5. flokk (karla & kvenna)
- 4. flokk (karla & kvenna)
- 3. flokk (karla & kvenna)

Sameiginleg lið munu keppa undir nafninu Snæfellsnes bæði í Íslandsmóti og bikarkeppnum þar sem við á. Fjárhagslegar skuldbindingar hvíla á Víking Ólafsvík, Reyni Hellissandi, Snæfell og UMF Grundarfirði.

Samningur þessi gildir til þriggja ára og er uppsegjanlegur í lok hvers keppnistímabils ef hluteigandi félögum hugnast svo.

Stjórn Samstarfsins ákveður hvar heimaleikir á mótum á vegum KSÍ fara fram í samráði við þjálfara. Stjórn Samstarfsins og þjálfara funda um þau mál eftir að KSÍ hefur gefið út leikjaáætlun fyrir tímabilið.

Snæfellsnesi dagur og ár

F.h. UMF Víkings/Reyni _____
F.h. UMF Grundarfjarðar _____
F.h. UMF Snæfell _____
F.h. HSH _____

Fylgiskjal 2 - Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra

RÁÐNINGARSAMNINGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA *Snæfellsnes*

_____ er ráðin/n sem framkvæmdastjóri *Snæfellsnes*, í því felst fyrst og fremst aðstoð við stjórn samstarfsins, með aðstoð er m.a. átt við:

- Rekstur samstarfsins að undanskildum bókhaldi og eigin launum, þar með talin fjáröflun til rekstrar.
- Framkvæmdastjóri skal skila yfirliti/skýrslu um fjárhagsstöðu samstarfsins einu sinni á ári fyrir árslok.
- Samskipti við KSÍ (félagaskipti, mótamál, dagsetningar leikja, heimsóknir aðila, námskeiðahald, fræðslumál, lög og reglur)
- Daglegt starf í samráði við stjórn (samskipti við HSH og önnur félög/sambönd, aðstoð við mótahald (leikjaniðurröðun og skipulag), umsjón skrifstofu)
- Framkvæmdastjóri skal hafa yfirsýn yfir starf samstarfsins og aðila sem koma að starfinu, s.s. dómgæsla á völlum, tengiliður við önnur félög vegna keppnisferða, þjálfarar, frestaðir leikir.
- Samskipti við tengiliði flokkanna.
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að koma reglulega fréttum af starfi samstarfsins á fréttamiðla svæðisins.
- Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri sitji stjórnarfundum nema að hann sé beðinn um það sérstaklega.

Laun fyrir fyrrnefnt starf eru kr. X á mánuði, greiðslufyrirkomulag er samkomulagsatriði samningsaðila.

Gildistími samningsins _____

Dags. og undirskrift stjórnar:

Fylgiskjal 3 - Stjórn og þjálfarar *samstarfsins* 2025 – 2026

Stjórn *Snæfellsnes* 2025 - 2026

Nafn	Tölvupóstur	Félag
Agnes Sigurðardóttir	agnessigurdar@gmail.com	UMF. Snæfell
Fannar Hilmarsson	fannarhilmars@gmail.com	UMF. Víkingur/ Reynir
Margrét Eva Einarsdóttir	margreteva6@gmail.com	UMF. Víkingur/ Reynir
Runólfur Kristjánsson	runolfur.k@gmail.com	UMF. Grundarfjarðar
Tryggvi Hafsteinsson	tryggvih85@hotmail.com	UMF. Grundarfjarðar
Þorsteinn Már Ragnarsson	steinimr@gmail.com	UMF. Snæfell

Þjálfarar *Snæfellsnes* 2025 - 2026

Nafn	Tölvupóstur	Félag
X	X	X
X	X	X
X	X	X
X	X	X
X	X	X
X	X	X

Fylgiskjal 4 - Foreldraráð 2025 – 2026

Foreldraráð 2025 - 2026

Flokkur	Nafn	Tölvupóstur
7.fl. kvk		
7.fl. kk		
6.fl. kvk		
6.fl. kk		
5.fl. kvk		
5.fl. kk		
4.fl. kvk		
4.fl. kk		
3.fl. kvk		
3.fl. kk		



Fylgiskjal 5 - Fjáraflanir 2025 - 2026